

Reglur um heimsendingu matar

I. kafli

Almennt um heimsendingu matar

1. gr.

Markmið

Markmið með heimsendingu matar er að efla notandann til sjálfsbjargar og sjálfræðis og gera honum kleift að búa sem lengst á eigin heimili við sem eðlilegastar aðstæður.

Hafa ber í huga að félagsþjónustusvæðið er víðfeðmt og nær frá Þjórsá í vestri og Lómagnúp í austri. Á þessu svæði eru fimm sveitarfélög sem hafa öll sína sérstöðu.

2. gr.

Skilgreining

Eldri borgarar eiga rétt á heimendingu matar í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

3. gr.

Réttur til þjónustu

Rétt til heimsendingu matar eiga þeir einstaklingar sem eiga lögheimili í sveitarfélagi sem tilheyrir félagsþjónustu Rangárvalla-og Vestur Skaftafellssýslu, búa í heimahúsi, eða geta ekki annast matargerð sökum líkamlegrar og/eða andlegrar getu. Réttur til heimsendingu matar fer einnig eftir 6. gr., reglna þessara.

Að jafnaði er ekki hægt að sækja um heimsendingu matar ef aðrir heimilismenn, 18. ára og eldri geta annast matargerð.

4. gr.

Gjaldskrá

Rukkað er fyrir hverja máltíð samkvæmt gildandi gjaldskrá.

II. kafli

Meðferð umsókn og framkvæmd þjónustu

5. gr.

Umsóknir

Deildarstjóri félagslegrar heimaþjónustu Félagsþjónustu Rangárvalla – og Vestur Skaftafellssýslu tekur við umsóknum um heimsendan mat frá umsækjendum í Ásahrepp, Rangárþingi Ytra og Eystra og umsóknum varðandi máltíð sem snædd er á Klausturhólum á Kirkjubæjarklaustri eða Hjallatúni í Vík. Umsókn skal vera skrifleg þar sem fram koma ástæður umsóknar og upplýsingar um færni. Starfsfólki er heimilt að óska eftir læknisvottorði ef þörf krefur.

6. gr

Framkvæmd þjónustunnar

Þeir sem búa í Vestur Skaftafellssýslu og geta ekki nýtt sér að koma á Klausturhóla eða Hjallatún, t.d. vegna búsetu í dreifbýli eða geta nýtt sér heimsendingu matar vegna búsetu í dreifbýli, umsóknir þeirra eru teknar fyrir á fundi félagsmálanefndar. Leitast er við að sýna sveigjanleika.

Umsækjendur með lögheimili og aðsetur í Ásahrepp fá heimsendingu matar hvar sem þeir búa í Ásahrepp.

Umsækjendur með lögheimili í Rangárþingi ytra fá heimsendingu matar hvort sem þeir búa á Hellu eða í dreifbýli.

Umsækjendur með lögheimili í Rangárþingi eystra fá heimsendingu matar hvort sem þeir búa á Hvolsvelli eða í dreifbýli, en leita skal hagstæðustu leiða í hvert eitt sinn.

III. Kafli

Málsmeðferð, málskotsréttur ofl.

7. gr.

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga er unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

8. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara

samkvæmt lögum eða eðli máls er óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi aðila nema að fengnu samþykki viðkomandi.

9. gr.

Afgreiðsla umsóknar

Umsóknir skulu afgreiddar eins fljótt og unnt er. Sé umsókn um heimsendingu matar hafnað skal umsækjandi fá skriflegar upplýsingar þar sem forsendur synjunar eru rökstuddar.

10. gr.

Áfrýjun

Umsækjandi um heimsendingu matar getur áfrýjað afgreiðslu umsóknar til félagsmálanefndar

og skal það gert skriflega innan fjögurra vikna frá því umsækjanda var formlega tilkynnt um afgreiðslu. Ákvörðun félagsmálanefndar má áfrýja til úrskurðarnefndar velferðarmála innan þriggja mánaða, sbr. 64. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Samþykkt af félagsmálanefnd þann 30.01.2017

Samþykkt í sveitarfélögum byggðarsamlagsins:

Ásahrepp þann 30. janúar 2017.

Rangárþingi ytra þann 8. febrúar 2017.

Rangárþingi eystra þann 23. febrúar 2017.

Mýrdalshrepp þann 16. febrúar 2017.

Skaftárhreppur þann 9. febrúar 2017.